

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Mjóaness, lóð 11.*
Í breytingunni felst stækkun byggingarreitar á lóðinni Mjóanes 11 þannig að hann verði 60 m frá vatnsbakka og 10 m frá lóðamörkum.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2015.
2. *Breyting á deiliskipulagi orlofshúsasvæðis BHM í landi Brekkuskógar.*
Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir allt að 120 m² áhaldahús, á einni hæð, rétt austan við bifreiðastæði andspænis núverandi þjónustumiðstöð. Hámarkshæð frá gólfkóta er 3,8 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2015.
3. *Breyting á deiliskipulagi aðkomu að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils, Hakið á Þingvöllum.*
Breytingin felst í stækkun lóðar og byggingarreits fyrir viðbyggingu fræðslumiðstöðvar. Í stað 800 m² byggingar á tveimur hæðum er nú gert ráð fyrir 900 m² byggingu á einni hæð.
Samþykkt í sveitarstjórn 26. júní 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. september 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. september 2015